

Ed.

192. Nefndarálit

um frumvarp til laga um takmörkun á húsaleigu í kaupstöðum landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Um áramótin 1920 og 1921 var farið mjög að ræða það í Reykjavík, hvort ekki mætti afnema húsaleigulögin, þ. e. lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við þau lög. Bæjarstjórnin tók þá húsnæðismálið í bænum til athugunar, sjerstaklega það atriði, hvort ráðlegt væri að afnema húsaleigulögin, og komst að þeirri niðurstöðu, að ekki gæti komið til tals að afnema lögin, eins og þá horfði við, nema önnur ákvæði kæmu í staðinn viðvikjandi leigu á íbúðum og hámarki húsaleigu. Bæjarstjórnin var sammála um, að heppilegast mundi að setja þessi ákvæði með reglugerð, sem breyta mætti hvenær sem kringumstæður breyttust og æskilegt þætti að breyta reglum um þessi atriði. Frumvarp byggt á þessum rökum fjekk bæjarstjórnin síðan flutt af þingmönnum bæjarins á Alþingi 1921. Þar eftir voru svo sett lög nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík. Eru lögin svo að segja óbreytt eins og frumvarp bæjarstjórnar var.

Lög þessi veita bæjarstjórn Reykjavíkur heimild til að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum. Bæjarstjórnin er nú að setja reglugerð samkvæmt þessari heimild. Frumvarpi til hennar hefir verið vísað til annarar umræðu og verður væntanlega samþykkt við þá (síðari) umræðu. Í frumvarpi þessu er meðal annars ákvæði um skyldumat á öllum leiguíbúðum. Nefndinni þykir rjett, að bæjarstjórnin skipi þessu máli kaupstaðarins, svo sem til hefir verið stofnað — að minsta kosti fyrst um sinn — eins og öðrum málum bæjarins.

Annarsstaðar af landinu hafa eigi komið til þingsins neinar kvartanir eða erindi um þetta efni.

Nefndin leyfir sjer því að leggja það til, að háttv. deild afgreiði mál þetta með svofeldri

DAGSKRA:

Samkvæmt lögum nr. 50, 27. júní 1921, um húsnæði í Reykjavík, hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar heimild til að setja reglugerð um hámark húsaleigu m. m. Nú er fyrir bæjarstjórninni frumvarp til slíkrar reglugerðar, vísað til annarar umræðu. Þar í er meðal annars ákvæði um skyldumat á leigu-

Íbúðum öllum. Annarsstaðar af landinu hafa eigi komið til þingsins kvartanir um þetta efni, og þykir þá eigi þörf að svo stöddu á frekari lagasetning um þetta. Tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. mars 1923.

Jón Magnússon,
form. og frsm.

Sigurður H. Kvaran.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrifari.